

REGLUGERÐ**um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.****1. gr.**

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni, sem í stað hans kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags, kr. 35.00 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 70.00 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings. Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar miðað við hvert unnið verk, dregst gjald þetta frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 49. gr. almannatryggingalaga nr. 40 30. apríl 1963, sbr. lög nr. 94 20. desember 1966 og öðlast gildi hinn 10. október 1970.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. október 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 211.

19. október 1970.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 301 10. desember 1969,
um fasteignamat og fasteignaskráningu.****1. gr.**

Í stað orðanna: „31. des. 1968“ í 5. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 8. gr. komi: um áramót 1969/70.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast gildi þegar í stað, er sett skv. lögum nr. 28 29. apríl 1963, um fasteignamat og fasteignaskráningu.

Fjármálaráðuneytið, 19. október 1970.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.